



RAMMI

# SAMFÉLAGSSKÝRSLA 2022

## Efnisyfirlit

Um skýrsluna .....	2
Um Ramma .....	2
Stjórn .....	3
Mannauður .....	5
Heimsmarkmiðin.....	5
Orkunotkun skipa.....	12
Nærsamfélagið.....	12
Kolefnisuppgjör Ramma hf.....	13
Lykilmarkmið Ramma.....	14
Heimildaskrá .....	15

## Um skýrsluna

Samfélagsskýrsla Ramma hf. er gefin út í fyrst sinn. Í skýrslu þessari verður farið yfir ófjárhagslega þætti starfseminnar, þar verður m.a. farið yfir efnahagslega-, samfélagslega- og umhverfislega stöðu.

Rammi mun frá og með þessu ári skila samfélagsskýrslu þar sem samantektir og upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins eru dregin fram. Með þeim hætti er auðvelt að bera sig saman við sambærileg fyrirtæki ásamt því að setja sér markmið fyrir komandi ár. Skýrslan er einnig notuð til þess að upplýsa starfsfólk og gera þau meðvituð um sjálfbæra þróun.

Skýrslan er unnin í samræmi við leiðbeiningar frá Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), UFS Leiðbeiningar Nasdaq, útgáfa 2 (ESG Reporting Guide 2.0) (Nasdaq, 2020) einnig var GRI staðall nr. 13 (Agriculture, Aquaculture and Fishing Sectors 2022) (Global Sustainability Standards Board (GSSB), 2024) notaður í heimildavinnu. Skýrsla þessi nær til starfsemi Ramma hf. en ekki til dótturfélaga þess. Allar tölur og upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## Um Ramma

Rammi hf. er íslenskur lögaðili sem á fiskiskip með aflahlutdeild samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul., 2. gr., laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Rammi hf. gerir út fjögur fiskiskip frá Ólafsfirði, Siglufirði og Þorlákshöfn, auk þess starfrækir félagið fiskvinnslu í Þorlákshöfn og rækjuvinnslu á Siglufirði. Rammi hf. er eigandi sjávarlíftæknifélagsins Primex hf. sem rekur kítósanverksmiðju á Siglufirði, Arctic Seafood Ltd. sem er sölufyrirtæki Ramma í Bretlandi. Viðskiptalíkan félagsins snýst um sjálfbærar fiskveiðar, vinnslu fiskafurða og sölu, að megninu til erlendra markaða. Rammi og dótturfélög fylgjast vel með þróun á mörkuðum og að aðlaga viðskiptalíkon sín að breyttum aðstæðum, eins og breyttri neytendahegðun hvað varðar sjálfbærar sjávarafurðir.

Aðalskrifstofa Ramma er staðsett á Siglufirði, þaðan gerir félagið út frystitogarann, Sólberg ÓF-1 og ísfiskskipið Múlaberg SI-22. Bátarnir, Jón á Hofi ÁR-42 og Fróði II ÁR-38 eru gerðir út frá Þorlákshöfn. Skip, bátar og vinnslur Ramma veiða og vinna ýmsar bolfisktegundir, flatfisk í litlu magni ásamt rækju. Öll afurðarsala fer í gegnum fyrirtækið sjálft annaðhvort frá Þorlákshöfn eða Siglufirði. Afurðir eru seldar inn á kröfuharða markaði í Bretlandi, Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu.


Rammi vill starfa í sátt við umhverfið og samfélagið. Það er markmið Ramma að hámarka efnahagslegan ávinning af nýtingu sameiginlegra náttúruauðlinda, sem félaginu hefur verið treyst fyrir, fyrirtækinu og samfélaginu til heilla og styðja við nýsköpun og þróun tengdri greininni. Rammi hefur það að leiðarljósi

að nýting fiskistofna sé sjálfbær til framtíðar fyrir komandi kynslóðir, gæði afurða og ábyrgð gagnvart umhverfi og samfélagi. Rammi er aðili að Iceland Responsible Fisheries sem stendur fyrir upprunamerkingu íslenskra sjávarafurða og vottun á ábyrgum fiskveiðum.

Nánari upplýsingar um Ramma má finna á vefsíðu félagsins, [www.rammi.is](http://www.rammi.is)

## Stjórn

Stjórn Ramma hf. leggur áherslu á góða stjórnarhætti. Stjórnarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Stjórn er samsett af þremur karlmönnum og tveimur konum og er því kynjahlutföll í samræmi við lög. Hins vegar eru varamenn báðir karlmenn. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og fundar regluleg með endurskoðend félagsins.



[Gunnar Sigvaldason](#) stjórnarformaður er fæddur 1938. Hann er með Verslunarpróf frá Verslunarskóla Íslands. Hann var framkvæmdastjóri Valbergs ehf. frá árinu 1961 til 2000 og framkvæmdastjóri Sæbergs hf. frá 1974 til 2009. Gunnar hefur verið stjórnarformaður Ramma hf. frá árinu 2009 og var framkvæmdastjóri félagsins frá 1997 til 2009. Hann situr í stjórn Sölku fiskmiðlunar hf., Atlas hf. og dótturfélagi Ramma hf., Primex ehf., Engin hagsmunartengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins. Eignarhlutur hans í Ramma hf. nemur 16,75% og er því háður félaginu.

[Gunnar Svavarsson](#) varaformaður stjórnar, er fæddur 1951. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað hjá Kontakt ehf. frá árinu 2008. Gunnar var framkvæmdastjóri hjá Icebank hf. á árunum 2006 til 2007, forstjóri Icelandic Group hf. á árunum 1999 til 2005. Hann var fjármála- og forstjóri Hampiðjunnar hf. á tímabilinu 1974 til 1999. Gunnar var í stjórn Ramma á árunum 1994 til 1999 og síðan frá 2006 til dagsins í dag. Gunnar hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaáðila né samkeppnisaðila Ramma eða hluthafa. Hann á engan hlut Ramma og er óháður stjórnarmaður.

[Katrín Pétursdóttir](#) stjórnarmaður, er fædd 1962. Hún er iðnrekstrarfræðingur frá Tækniskóla Íslands. Hún er framkvæmdastjóri Lýsis hf. áður Fiskafurða umboðsölu ehf. og Hnotskurn ehf. Katrín hefur setið í stjórn Ramma hf. frá árinu 2017. Katrín situr í stjórn Ísals hf. og Akraborgar ehf. Engin hagsmunartengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins. Lýsi hf. á óverulegan hlut í Ramma hf. eða 0,01% og er Lýsi hf. einnig í óverulegum viðskiptum við Ramma hf. Katrín er því óháður stjórnarmaður.

[Sigurgeir Svavarsson](#) stjórnarmaður, er fæddur, 1967. Hann er húsasmíðameistari að mennt. Hann er framkvæmdastjóri Sigurgeirs Svavarssonar ehf. frá árinu 2003. Sigurgeir hefur setið í stjórn Ramma hf. síðan 2018. Hann sigur í stjórnnum Sigurgeirs Svavarssonar ehf., Brikargils ehf., Hótel Ísafjarðar og

Ísbjargar ehf. Engin hagsmunartengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins. Sigurgeir á engan hlut en er tengdur hluthafa í Ramma hf. þar sem faðir hans á 14,26% í Ramma hf. og Sigurgeir talinn óháður félaginu.

[Steinunn Marteinsdóttir](#) stjórnarmaður, er fædd 1966. Hún er hárgreiðslumeistari að mennt og með Diplómanám í ferðamálafræði. Steinunn starfar nú hjá Premium ehf. lífeyrisþjónustu eða frá árinu 2012. Hún vann við hárgreiðslustörf frá árunum 1990 til 2002 þar sem hún átti og rak á tíma hárgreiðslustofu. Á árunum 2004 til 2012 vann hún hjá Sparisjóðum Afl/Arion banka. Steinunn situr í stjórn Þjóðlagaseturs séra Bjarna Þorsteinssonar og hefur verið eigandi Kjólakistunnar ehf. frá 2014. Steinunn hefur engin hagsmunartengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins. Steinunn á engan hlut en er tengd hluthöfum í Ramma hf. þar sem nán fjölskylda hennar á 42,5% hlut í Ramma hf. og telst háð félaginu.

[Jón Þorvaldsson](#) varamaður í stjórn, er fæddur 1937. Hann er með verslunarpróf frá Verslunarskóla Íslands. Jón starfaði sem bókarari hjá Flugfélagi Íslands á árunum 1959 til 1961, hjá Valberg hf. á árunum 1961 til 2000 og Sæbergi hf. frá 1974 til 2000. Hann var framkvæmdastjóri Valumboðs ehf. frá árunum 2000 til 2005. Jón var í stjórn Ramma hf. á árunum 1997 til 1999 og frá 2000 til 2009. Hann var varamaður í stjórn Ramma hf. frá 1999 til 2000 og frá 2009 til dagsins í dag. Jón er stjórnarmaður í bókaútgáfunni Tindur ehf. Engin hagsmunartengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins. Eignarhlutur í Ramma hf. nemur 4,81% og er háður félaginu.

[Steingrímur Arnar Finnsson](#) varamaður í stjórn, er fæddur 1980. Hann er með B.Sc gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands frá árinu 2004. Steingrímur er í dag framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Fossa fjárfestingarbanka hf. Hann var forstöðumaður markaðsviðskipta Straums fjárfestingarbanka hf. á árunum 2011 til 2015 og frá árinu 2015 einn stofnenda Fossa fjárfestingarbanka hf. Steingrímur hefur verið varamaður í stjórn Ramma hf. frá 2006. Engin hagsmunartengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins. Hann er tengdur (barnabarn) Gunnari Sigvaldssyni stjórnarformanni og hluthafa. Steingrímur telst óháður félaginu.

### **Framkvæmdastjóri**


[Ólafur Helgi Marteinsson](#) er fæddur 1959 og hefur stýrt félaginu frá 1991. Ólafur hefur skipstjóraréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og er Útgerðartæknir frá Tækniskóla Íslands. Ólafur situr í stjórn eftirtalinnna félaga: Fyrirbarð ehf., Hafnarhyrna ehf., Primex Medical Investments ehf., Primex ehf., Karlsberg ehf., og Arctic Seafood Ltd., auk þess er Ólafur formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Ólafur á 1,6% hlut í félaginu og 26.11% hlut í Marteini Haraldssyni ehf. sem á 38,89% í félaginu. Aðilar tengdir Ólafi eiga 2,1% í félaginu. Ólafur telst háður stórum hluthöfum félagsins. Ekki eru til

kaupréttarsamningar við Ólaf. Engin hagsmunartengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins.

## Mannauður


Ein af stóru forendum velgengni er gott, traust og vel þjálfað starfsfólk. Hjá fyrirtækinu vinna rétt tæplega 200 manns, 72 í landi og 115 á sjó. Rammi leggur áherslu á að ráða ávallt hæfasta fólkið í hverja stöðu óháð kyngervi, þjóðernisuppruna eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Metnaður er lagður í að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Stjórnendur fyrirtækisins skuldbinda sig að fara eftir þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Gildandi lögum, reglum og kjarasamningum hverju sinni er fylgt skv. lögum 150/2020 og reglugerð 1030/2017. Langt stærsti hluti starfsmanna er að fá greidd samkvæmt kjarasamningum eða 86%.

Framkvæmarstjórn




■ KK ■ KVK

Stjórnendur




■ KK ■ KVK

Mannauður í landi



■ KK ■ KVK

Mannauður á sjó



■ KK ■ KVK

Eins og fram kemur á skífuritum hér fyrir ofan eru karlar í miklum meirihluta í öllum flokkum nema þá starfsmanna í landi. Hár starfsaldur er á starfsmönnum í framkvæmdastjórn sem veldur því að aðeins karlmenn sitja í þeim stöðum, sama má segja um stjórnendur. Hjá fyrirtækinu er meðalstarfsaldur skrifstofufólks rúm 23 ár. Meðalstarfsaldur starfsmanna í landvinnslum (rækju- og fiskvinnslu) eru rúm 12 ár á meðan meðalstarfsaldur sjómanna eru tæp 15 ár. Starfsmenn á sjó eru eingöngu karlmenn, þar sem önnur kyn hafa ekki sóst í þau störf, öll kyn eru þó velkomin.

## Heimsmarkmiðin



Árið 2015 samþykktu fulltrúar aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna heimsmarkmið um sjálfbæra þróun. Markmiðin eru 17 með 169 undirmarkmið og gilda þau til 2030. Heimsmarkmiðin byggjast á þremur stöðum sjálfbærrar þróunar, efnahagslegri, félagslegri og umhverfislegri. Mikilvægt er að horfa á markmiðin á heildstæðan hátt en þau krefjast þátttöku ólíkra hagsmunaaðila (Heimsmarkmiðin, 2023). Rammi hf. mun eftir bestu getu skila sínu í þeirri von að markmið náist innan gildistíma þeirra. Í september árið 2020 undirritaði Rammi stefnu sem skrifuð var af Samtökum fyrirtækja í Sjávarútvegi,

stefnan nefnist: „Þetta er í okkar höndum“. Áhersla stefnunnar er ábyrgur sjávarútvegur í sátt við umhverfi og samfélag (SFS, 2020). Þau markmið sem Rammi leggur áherslu á eru eftirfarandi:




**Markmið er að vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun.**

Gæði og framboð sjávarfangs er að stórum hluta háð hitastigi, súrefnis- og sýrustigi sjávar (Valtýsson, 2020). Losun hreinsiefna og annarra kemískra efni geta haft neikvæð áhrif á súrefni í sjó í því samhengi er mikilvægt að notast við umhverfisvæn efni við t.d. þrif og sóttthreinsun.

Rammi hf. fullnýtir öll veiðafæri og er með stranga reglu varðandi rusl í sjó. Ekki undir neinum kringumstæðum er leyfilegt að henda rusli og/eða drasli í sjóinn, allt verður að koma í land helst flokkað. Ef rusl eða gömul veiðafæri eru veidd eru þau tekin með í land og komið í endurvinnslu. Í dag eru móttökustöðvar fyrir veiðafæraúrgang um allt land sem auðveldar útgerðum til muna að fylgja settum reglum.

Árið 2021 var ráðist í allsherjar tiltekt á ónýtum veiðafærum sem höfðu safnast upp hjá starfsstöðvum og í geymslum á vegum fyrirtækisins en það skýrir þennan mikla mun á þeim veiðafærum sem send voru í endurvinnslu milli ára. Áður fyrr voru öll veiðafæri send til Reykjavíkur þar sem þau fóru til í endurvinnslu, utanumhald á því hefur verið ómarkvisst, þar að leiðandi voru allar tölur minna áreiðanlegar. Í dag er komnar móttökustöðvar um allt land fyrir endurvinnanlegan veiðafæraúrgang. Allt stál af veiðafærum sem ekki er hægt að endurnýta innan fyrirtækisins fer í brotajárn en ekki hefur verið haldið utan um það magn. Rammi mun í framtíðinni fylgjast betur með magni veiðafæra sem fara í endurvinnslu sem og magni flokkaðs rusls.



Rammi hf. hefur verið með bæði MSC- og IRFM vottun um árabíl. Vottun fæst ekki nema fyrirtæki geti sýnt fram á að veiðar séu framkvæmdar samkvæmt settum reglum og að allur rekjanleiki sé staðfestur. Ráð bæði MSC og IRFM fylgist með stöðu tiltekinna fiskistofna á mismunandi veiðisvæðum og gefa út í framhaldi vottun og/eða fjarlægja vottun eftir tilvikum.





### Markmið að byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.

Rammi hf. er með starfsstöðvar í minni byggðum landsins og gefur með því tækifæri til atvinnu á landsbyggðinni sem stuðlar að sjálfbærri þróun byggðarlaga. Með þessari skýrslu tekur Rammi fyrsta skrefið í vöktun á áhættuþáttum og grænum lausnum í þágu umhverfismála. Rammi leggur metnað í að fullnýta afurðir, *sjá nánar í kafla um ábyrgða neyslu og framleiðslu*.



### Markmið að grípa til bráðra aðgerða gegn loftlagsbreytingum og áhrifum þeirra.

Árið 2000 voru fiskiskipaflotar heims ábyrgir fyrir 1,2% af heildareldsneytisnotkun heims. Þetta jafngildir 0,67 lítrum af eldsneyti á hvern veiddan fisk sem landaður var (European Commission, 2023). Með smíðum á nýjum skipum nær Rammi að lækka eldsneytisnotkun skipa til muna. Notkun vissra kælimiðla, svo sem HFC, geta haft neikvæð áhrif á ósonlagið (Global Reporting Initiative, 2022). Vistvænni kælikerfi eru sett í ný skip, gömlu skipin vinna þó enn á HFC kælimiðlum. Vinnsluhúsnæði Ramma notast við kælimiðlana Ammoniak og Freon R404. Markmið Ramma er að byrja með nákvæmari mælingar á því kolefnisspori sem myndast frá fyrirtækinu og í framhaldi draga úr frekari losun. Kolefnisspor verður þar að auki jafnað í framtíðinni en nákvæm áform um hvernig það verður gert er ekki ákveðið.



### Markmið um sjálfbæra neyslu- og að framleiðslumynstur verði tryggt.

Með gagnvirkum aðgerðum getur sjávarútvegurinn lágmarkað sín áhrif á umhverfið og þannig tekið þátt í að stuðlað að alþjóðlegu fæðuöryggi.

Framleiðsluvörur Ramma eru að langmestu leyti seldar frosnar með 24 mánaðar geymsluþol. Minni líkur eru á matarsóun hjá framleiðanda, kaupanda og neytandi þegar varan er með langt geymsluþol. Rammi leggur metnað í að búa til verðmæti úr öllum hráefnum. Sjálfbær vinnubrögð sjávarútvegs eru grundvallaratriði fyrir greinina í heild sinni, sem og fæðuöryggi heims. Úrgangur og sorp sem fellur til hjá framleiðslustöðvum Ramma er bæði lífrænt og ólífrænt.

Lítið sem engin lífrænn úrgangur fellur til frá frystitogara fyrirtækisins, mjöl- og lýsisvinnsla eru um borð þar sem afurðir, svo sem bein, hausar og innyfli sem ekki eru nýtt í aðalframleiðsuvöru er brædd og seld sem fiskimjöl og/eða lýsi. Það eina sem ekkert er nýtt í frekari framleiðslu er roð, en markmið




Ramma að finna einnig leið fyrir það í framleiðslunni.



Fiskvinnslan í Þorlákshöfn vinnur afurðir af ísfiskskipi og bátum fyrirtækisins. Fiskurinn er slægður um borð, það slóg er ekki nýtt til frekari framleiðslu, að öðru leyti er hráefnið fullnýtt.

Rækjuvinnsla fyrirtækisins nýtir hráefni sitt að fullu og er öll skel sem fellur til við pillun á rækjunni seld til dótturfyrirtækis sem notar skelina í að framleiða í kítósani. Kítósan er síðan notað í fjölbreyttar vörur svo sem snyrtivörur, sárameðhöndlun og fæðubótarefni, sjá nánar: [Primex Iceland: a global leader in sustainable chitosan production.](#)

Sorp frá frystitogara Ramma er flokkað í pappa, plast og lífrænt rusl sem fellur til úr eldhúsi. Aðrar starfsstöðvar fyrirtækisins þurfa að standa sig betur í þeim málum. Rammi mun leggja aukna áherslu á endurvinnslu og flokkun úrgangs á komandi misserum. Samhliða því mun starfsfólkið vera þjálfað í nýjum reglum, vonandi verður það skref í að draga úr sóun heilt yfir hjá fyrirtækinu.



Óleyfilegt er að stunda brottkast á skipum og bátum Ramma, þó eru undantekningar á þeirri reglu skv. tilskyldum reglugerðum.



Rétt rúm 7% aukning var á rafmagnsnotkun og 31% á hitanotkun milli ára í rækjuvinnslu fyrirtækisins, á sama tíma jókst framleiðsla í húsinu um 3%. Unnir voru 117 dagar árið 2021 á meðan vinnudagarnir í rækjuvinnslunni fyrir árið 2022 voru 144 eða 19% fleiri sem útskýrir þessa aukningu að einhverju leyti. Engar sérstakar skýringar fundust á þessari miklu aukningu á hitanotkun í rækjuvinnslunni, önnur en að

tíðarfar var almenn kaldara 2022 en árið 2021 á landinu. Rafmagnsnotkun fiskvinnslunnar jókst um 3% á milli ára og hitanotkun um 4%, á sama tíma jókst hráefnismagnið sem fór í gegnum húsið um 5%.



**Markmið að stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla menn, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla menn á öllum sviðum.**

Stjórn Ramma hefur skrifað undir starfskjarnastefnu þar sem tilgangurinn er að félagið sé samkeppnishæft og geti ráðið, haldið og örvað framúrskarandi starfsfólk í þeim tilgangi að tryggja vöxt, velgengni og viðunandi arðsemi félagsins. Starfskjarnastefnan nær til helstu grundvallatriða í starfs- og launakjörum framkvæmdastjóra og stjórnenda félagsins. Stefnan er liður í að gæta hagsmuna hluthafa, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila til lengri tíma litið með skipulegum, einföldum og gegnsæjum hætti.

Stjórn Ramma hefur einnig skrifað undir stefnu gegn mútum og spillingu þar sem félagið skuldbindur sig til þess að haga allri starfsemi félagsins á heiðarlegan og siðferðislega réttan hátt og í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og reglur er varða mútur og spillingu. Ekkert umburðarlyndi er innan Ramma gagnvart mútum og spillingu og er félagið staðráðið í að starfa á faglegan, sanngjarnan og heiðarlegan hátt í öllum viðskiptum og viðskiptasamböndum. Rammi hefur sett upp tilkynningarsíða þar sem allir starfsmenn geta sent naflausa ábendingu til stjórnenda, áherslan með þessari tilkynningarsíðu er að tilkynna ef brot eiga sér stað í starfi.

Rammi er með miklar kröfur til sinna birgja sem lúta helst að rekjanleika og að matvælaöryggi sé tryggt öllum stundum.

Með birtingu þessarar skýrslu er Rammi að stuðla að gagnsæjum starfsháttum. Þessi skýrsla eða upplýsingar sem fram í henni koma hafa ekki verið rýnd af þriðja aðila. Fyrirtækið hefur ekki framfylgt GDPR reglum.



**Markmið að jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna efl.**

Rammi hf. hefur verið með vottað jafnlaunakerfi frá árinu 2021. Rammi hefur það að markmiði að launamunur kynjanna sé alltaf undir 2%. Tveir starfshópar fyrirtækisins innihalda aðeins karla og einn starfshópur inniheldur aðeins konur. Starfsmannavelta fyrirtækisins er ekki mikil en langtíma markmið er að jafna kynjahlutfall allra hópa eins og kostur gefst. Seinasta launagreining sem framkvæmd var af Attentus leiddi í ljós að karlar sem starfa hjá Ramma hf. eru með að meðaltali 0,0064% lægri laun en konur miðað við sambærileg störf. Launagreiningin náði til allra starfsmanna fyrirtækisins í landi. Laun sjómanna falla ekki undir jafnlaunavottun þar sem öll laun miðast við stöðu en ekki kyn. Framkvæmdastjóri hefur skrifað undir jafnréttisáætlun Ramma, þar er lögð áhersla

á jafna stöð og jafnan rétt kynjanna, rétt einstaklinga til að skilgreina kyn sitt sem og að standa vörð um rétt einstaklinga til líkamlegrar friðhelgi.

#### Jafnréttisstefna Ramma hf.

- Rammi stefnir að jöfnustu hlutfalli milli kynja og störfum innan fyrirtækisins.
- Gæta skal jafnréttis hvað varðar úthlutun ábyrgðar og verkefna.
- Sömu laun skal greiða og bjóða sömu kjör fyrir sambærileg störf án tillits til kyns
- Gera skal starfsfólki kleift að samræma atvinnu og fjölskyldulíf eins og kostur er.
- Allt starfsfólk skal eiga jafnan aðgang að endurmenntun og þjálfun, óhátt kyni. Öll kyn fá einnig jafna möguleika til að þroskast í starfi og auka þekkingu sína.
- Rammi hf. líður ekki kynbundið ofbeldi, kynbundna eða kynferðislega áreitni, einelti eða mismunun starfsfólks.



#### Markmið að stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla.

Bruni eldsneytis getur valdið staðbundinni loftmengun, þetta ætti ekki að vera stórt vandamál í þessu tilfalli þar sem skipafloti Ramma veiðir ekki nálægt byggðum. Rammi er með samþykka öryggisstefnu og leggir áherslu á að auka markvisst öryggis- og starfsumhverfi sem leiðir til lágmörkunar á slysum. Öll vímuefni eru bönnuð í vinnsluhúsnæðum Ramma. Eins og kemur fram í jafnréttisstefnu Ramma mun félagið koma á móts við starfsmenn, einka- og fjölskyldulíf þeirra. Fyrirtækið leggur sitt að mörgum við að framleiða ávallt heilnæman og örugg matvæli sem valda ekki veikindum hjá neytanda sökum sjúkdómsvaldandi örvera eða annarra vágesta. Þungmálmar mælast í sjávarafurðum víða um heim í óæskilegu magni. Frá árinu 2003 hefur Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (áður Sjávarútvegrráðuneytið) í samvinnu með Matís ohf. vakt að óæskileg efni í sjávarfangi sem veiðst hefur við Íslandsmið. Niðurstöður hafa sýnt að íslenskar sjávarafurðir innihalda óverulegt magn þrávirkra efna og þungmálma (Jensen, Borojevic, Igrorsdóttir, & Desnica, 2022). Skip og bátar Ramma veiða að langmestu leyti við Íslandsstrendur, undantekningin er 1-2 veiðiferðir í Barentshafið á ári.



#### Markmið að stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.

Rammi hefur skrifað og innleitt öryggisstefnu þar sem fyrirtækið skuldbindur sig til að tryggja að öll vinna geti farið fram á sem öruggastan hátt og mun leita allra leiða til þess að fjarlægja, fyrirbyggja og minnka þá hættu sem steðjar að öryggi, heilsu og vellíðan starfsmanna, verktaka, gesta og allra annarra sem kunna að koma að starfsemi fyrirtækisins.

Fyrirtækið mun að fullu framfylgja lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Á árinu 2023 var atvikaskráningarkerfi sjómanna, ATVIK, tekið í notkun. Tilgangur þess er að skrá öll slys, næstum slys sem verða á sjó sem og ábendingar um umbætur í öryggismálum. Rammi bíður starfsmönnum um að sækja námskeið eftir þörfum. Rammi kemur á mótis við starfsmenn sem óska eftir aukinni menntun. Á árinu 2022 voru 6 starfsmenn sem sóttu skóla, 4 starfsmenn bættu við sig bókhaldsnámi, 1 var að vinna að sínu grunnnámi í viðskiptafræði og annar að vinna í sínu MBA námi. Aðrir starfsmenn sóttu styttr námskeið, svo sem öryggisnámskeið, HACCP námskeið og frekari endurmenntun tengda daglegum störfum.



### Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bætt næring.

Fæðuöryggi er að hluta að til framboð af nægjanlegum, öruggum og næringarríkum mat. Almennu eru sjávarafurðir mjög næringarlega góður kostur. Til þess að tryggja að fyrirtækið framleiði og selji örugg matvæli með góðum gæðum er metnaðarfullt gæðastarf í gangi þvert á fyrirtækið. Gæðakerfi félagsins snýr að virðisikeðjunni, meðhöndlun afla, innkaupum á hráefni, móttöku, framleiðslu, þökkun, merkingu og afhendingu. Gæðakerfi er tekið reglulega út, bæði innan fyrirtækisins og af utanaðkomandi aðilum.

Allar framleiðslustöðvar Ramma vinna skv. almennum hollustuþáttum með áherslu á HACCP. Matvælastofnun (MAST) vottar það ferli nokkrum sinnum á ári. Þar að auki vinnur félagið eftirtöldum stöðlum og vottunum:

- Rækjuvinnsla: BRC gæðakerfi vottað af 3ja aðila (BRCGS Food Safety Global Standards), MSC vottaður rekjanleiki (MSC Chain of Custody Standard). Framleiðsluferlið stenst kröfur eftirfarandi smásala Tesco, Marks & Spencer og Morrisons.
- Fiskvinnsla: BRC gæðakerfi vottað af 3ja aðila (BRCGS Food Safety Global Standards), MSC vottaður rekjanleiki (MSC Chain of Custody Standard), IRF vottaðar fiskveiðar (Icelandic Responsible Fisheries).
- Sólberg ÓF1: IRF vottaðar fiskveiðar (Icelandic Responsible Fisheries). Á tímabilinu var ákveðið að vottun FEMAS (Feed Materials Assurance Scheme) yrði ekki endurnýjuð þó unnið sé enn skv. staðlinum.


Fyrirbyggjandi aðgerðir eru framkvæmdar eftir þörfum, þær hafa ekki aðeins áhrif á öryggi og gæði matvælna heldur hafa þau einnig töluverð jákvæð áhrif á nýtingu matvæla sem veldur minni matarsóun heilt yfir.

## Orkunotkun skipa


Fiskiskip nota eldsneyti en með endurnýjun á flota er lögð áhersla á sparneytnari skip. Árið 2022 voru 3 af 4 skipum fyrirtækisins sem gengu á MGO eldsneyti og Sólberg á DMA. Frá árinu 2023 verða öll skip félagsins keyrð á DMA eldsneyti

2021 var eldsneytiseyðsla skip og báta í eigu Ramma, rétt tæpir 6 milljónir lítra á því tímabili voru veidd og unnin 15.863 tonn af afla. Árið 2022 var eldsneytisnotkun skipa og báta í eigu Ramma 6.6 milljónir lítra, á sama tímabili voru veidd og unnin 17.579 tonn af afla.

Mun ítarlegri upplýsingar um veiddar tegundir ásamt veiði hvers skipts/báta eru til. Ákveðið hefur verið að sundurgreina veiðar þetta tímabilið ekki frekar en þær upplýsingar mundu ekki nýtast í þessari samantekt að svo stöddu.



Árið 2022 var hagkvæmara hvað olúnotkun varðar á hvert veitt tonn. Það er margt sem hefur áhrif á eldsneytisnotkun skipa og báta yfir árið, í því samhengi má nefna heildarfjölda úthafsdaga, veðurskilyrði, lengd siglinga og veiði á hverju svæði fyrir sig. Árið 2022 voru samanlagðir úthaldsdagar flota fyrirtækisins 974 dagar á meðan þeir voru 1.021 árið 2021. Þó fór frystitogarinn í tvær veiðiferðir í norska lögsögu árið 2022 en aðeins einu sinni árið 2021. (mynd við hliðin, laga format)



## Nærsamfélagið

Rammi hefur undanfarin ár styrkt hin ýmsu málefni, þá má helst nefna UNICEF Ísland vegna neyðaraðstoðar í Úkraínu, Knattspyrnufélag Fjallabyggðar, Körfuknattleiksdeild UMF Þórs, Háskólann á Akureyri vegna sjávarútvegsskóla unga fólksins. Fyrirtækið hefur einni styrkt björgunarsveitir í Fjallabyggð og á Þorlákshöfn, barna og unglíngastarf, ásamt góðgerðarfélögum.


## Kolefnisuppgjör Ramma hf.

Markmið Íslands er að árið 2030 hafi átt sér stað samdráttur á losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur 55% mv. árið 1990. Með endurskipulagningu fiskveiða fyrirtækisins hefur brennsla á jarðefnaeldsneyti minnkað um 57% frá árinu 1997

Þetta er fyrsta skiptið sem Rammi gefur út þessa skýrslu, það er því enn margt ólært hvað þessi mál varða. Með tilkomu þessarar skýrslu er fyrsta skrefið tekið í átt að gera sér grein fyrir umfangi og um leið gera sér betur grein fyrir þáttum sem skrá þarf betur. Á komandi ári verður lögð áhersla á að lækka kolefnisuppgjör félagsins milli ára.

Kolefnisreiknivél SFS var notuð til að mæla heildarumfang Ramma. Það skal tekið fram að upplýsingar varðandi eftirfarandi þætti voru ekki aðgengilegar að svo stöddu: kælimiðlar, flutningur og ferðalög, innkaup á umbúðum og veiðafærum. Þessi fyrsta skýrsla er bæði notuð til viðmiðunar sem og leiðbeiningar yfir það sem þarf að fylgjast með í framtíðinni.

Á komandi ári um Rammi leggja aukna áherslu á skráðar breytur og í framhaldi finna leiðir til að draga úr losun sem tengis rekstri félagsins.



## Lykilmarkmið Ramma

### Umhverfispættir



- Fullnýting hráefni
- Unnið að endurnýjun skipaflota
- Halda úti stafsstöðvum í minni byggðum
- Setja sér regluleg markmið í átt að uppfyllingu Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun
- Samantekt á gögnum fyrir kolefnisútreikninga
- Endurvinnsla og flokkun alls úrgangs.
- Allt veitt rusl komið í endurvinnslu í landi
- Eldsneytisnotkun minnkuð
- Unnið að uppfærslu kælikerfa sem ganga fyrri vistvænni kælimiðlum
- Mæla kolefnisspor og draga úr losun milli ára
- Jafna kolefnisspor með mótvægisáðgerðum
- Veiðafæri endurnýttt &/eða send í endurvinnslu
- Rusl frá öllum starfsstöðvum flokkað samkvæmt lögum
- Sjálfbærir stofnar veiddir þegar við á.
- Umhverfissvænni þrifaefni notuð þegar við á
- Finna leið til nýtingar á roði.

### Félagslegir þættir



- Unnið samkvæmt öryggisstefnu fyrirtækisins
- Stuðlað að heilsu og almennu heilbrigði
- Viðhalda vottuðu launakerfi
- Launamunur kynjanna alltaf undir <2%
- Unnið samkvæmt jafnréttisstefnu fyrirtækisins
- Fyrirbyggjandi aðgerðir framkvæmdar til að koma í veg fyrir hugsanlega endurtekningu slysa og eða slys yfir höfuð
- Koma á móts við starfsmenn til endurmenntunar
- Skráning slysa og næstum slysa gerð samviskusamlega

### Stjórnunarþættir



- Gæta hagsmuna hluthafa, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila
- Örva framúrskarandi starfsfólk
- Unnið á heiðarlegan og siðferðislega réttan hátt
- Stuðlað að gagnsæjum starfsháttum
- Lögum og reglugerðum fylgt hvað varðar mútur og spillingu

## Heimildaskrá

- European Commission. (9th. February 2023). *European Commission*. Sótt frá DG Maritime Affairs and Fisheries - Energy Efficiency: <https://stecf.jrc.ec.europa.eu/web/ee>
- Global Reporting Initiative. (2022). *GRI 13: Agriculture, Aquaculture and Fishing sectors 2022*. Global Reporting Initiative.
- Global Sustainability Standards Board (GSSB). (2024). *GRI 13: Agriculture, Aquaculture and Fishing Sectors 2022*. Amsterdam: Global reporting.
- Heimsmarkmiðin. (15. Mars 2023). *Heimsmarkmiðin*. Sótt frá Heimsmarkmiðin: <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/heimsmarkmidin/>
- Jensen, S., Borojevic, B., Igorsdóttir, J., & Desnica, N. (2022). *Niðurstöður sívirkrar vöktunar á óæskilegum efnum í sjávarfangi úr auðlindinni 2022*. Reykjavík : Matís.
- Nasdaq. (2020). *UFS leiðbeiningar (ESG Reporting Guide 2.0)*. Reykjavík: Nasdaq; Festa; Staðlaráð Íslands.
- SFS. (2020). *Þetta er í okkar höndum*. Reykjavík: SFS.
- Valtýsson, H. Þ. (2020). *Hafið við Ísland*. Akureyri : Háskólinn á Akureyri .